

Reglugerð um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2010 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Til þess að ná því markmiði skal ríkissjóður veita árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2010 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármálaráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

1. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
2. Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarlífeyrisskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
3. Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárframlags árið 2010.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2010 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármálaráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2009 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2009 samtals kr. 789.548.173.352 og er áætlað fjárframlag ársins 2010 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 2.566.031.563 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

Lífeyrissjóður	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Almenni lífeyrissjóðurinn	36.335.007	1,416%
Eftirlaunasjóður FÍA	6.492.060	0,253%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	1.077.733	0,042%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	872.451	0,034%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Glitnis banka	25.660	0,001%

Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupstaðar	1.590.940	0,062%
Eftirlaunasj. starfsm. Útvegsbanka Íslands	461.886	0,018%
Festa lífeyrissjóður	250.162.417	9,749%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	74.825.480	2,916%
Gildi lífeyrissjóður	934.446.054	36,416%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	18.937.313	0,738%
Kjölur lífeyrissjóður	4.824.139	0,188%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	2.232.447	0,087%
Lífeyrissjóður bankamanna - aldurs	16.371.281	0,638%
Lífeyrissjóður bankamanna - hlutfalls	12.162.990	0,474%
Lífeyrissjóður bænda	15.293.548	0,596%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	0	0,000%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	17.936.561	0,699%
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	410.565	0,016%
Lífeyrissjóður Rangæinga	15.883.735	0,619%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	2.104.146	0,082%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	1.898.863	0,074%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupstaðar	795.470	0,031%
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar	2.206.787	0,086%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	21.041.459	0,820%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	79.444.337	3,096%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	98.202.028	3,827%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	24.941.827	0,972%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	12.522.234	0,488%
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	1.180.375	0,046%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	1.077.733	0,042%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	5.029.422	0,196%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	253.164.674	9,866%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	59.942.497	2,336%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	73.568.125	2,867%
Lífeyrissjóðurinn Skjöldur	102.641	0,004%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	97.560.520	3,802%
Stafir lífeyrissjóður	73.696.426	2,872%
Stapi lífeyrissjóður	293.015.144	11,419%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	54.194.587	2,112%
Samtals	2.566.031.563	100,000%

Við greiðslu fjárframlags ársins 2011, í október 2011, skal endurreikna, og leiðrétt ef þörf er á, fjárframlag ársins 2010 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2009.

4. gr.

Leiðrétting fjárframlags ársins 2009.

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2008 er kr. 867.513.928.643. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2008 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1068/2009, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2009 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2008 er kr. 31.006.087.736 til hækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2009 nam 0,25% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2009, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1068/2009, nemur því samtals kr. 77.515.219 og skiptist það milli lífeyrissjóða á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands sem hér segir:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	34.882	0,045%
Festa lífeyrissjóður	9.022.771	11,640%
Gildi lífeyrissjóður	34.323.739	44,280%
Kjölur lífeyrissjóður	251.924	0,325%
Lífeyrissjóður Rangæinga	476.719	0,615%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	10.747.485	13,865%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	2.255.693	2,910%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	2.608.387	3,365%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	4.577.274	5,905%
Stafir lífeyrissjóður	2.790.548	3,600%
Stapi lífeyrissjóður	10.425.797	13,450%
Samtals	77.515.219	100,00%

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 29. nóvember 2010.

F. h. r.

Hafðís Ólafsdóttir.

Lilja Sturludóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.